

Fundur Skóla- og foreldraráðs Árskógar skóla

24. september 2013

1. fundur á nýju skólaári

Á fundinn mættu:

Gunnþór, skólastjóri

Smári Freyr, fulltrúi nemenda

Helga Ester, fulltrúi grunnskólakennara

Gerður, fulltrúi leikskólakennara

Linda, fulltrúi annars starfsfólks

Inga Rut, fulltrúi barna á leikskólaaldri og fulltrúi grenndarsamfélagsins

Valdís Erla, fulltrúi barna á grunnskólaaldri

Dagskrá:

1. Skólanámskrá og skólastefna Árskógar skóla
2. Fjárhagsáætlun næsta árs
3. Útileiksvæði
4. Önnur mál

Gunnþór hóf fundinn á því að ræða í stuttu máli um hlutverk ráðsins, þ.e. að skapa samráðsvettvang um ýmis atriði er snúa að starfsemi skólans auk þess sem fulltrúum gefst kostur á að koma með ábendingar til umræðu.

Hann bauð nýja fulltrúa velkomna, Smára Frey fyrir hönd nemenda og Valdísi Erlu fyrir hönd foreldra barna á grunnskólaaldri.

Rætt var um að síðasta skólaár hafi einkennst nokkuð að því að koma „nýjum“ skóla af stað og leggja grunn að þeim skólabrag og skólaumhverfi sem Árskógar skóli vill standa fyrir. Þó nokkur tími síðasta árs fór í gerð ýmissa áætlana og reglna sem skólinn hefur sett sér og er afrakstur þeirrar vinnu að mestu kominn á heimasíðu skólans.

1. Skólanámskrá /starfsáætlun Árskógar skóla var samþykkt í fræðsluráði í júní s.l. en hún er endurskoðuð árlega og þarf samþykki ár hvert.

Á fundinum var farið lauslega í innihald skólanámskrárinnar, s.s. stefnu skólans, hornsteina og áherslur, grunnþætti menntunar auk þess sem Gunnþór benti á að í síðasta hluta námskrárinnar sé stefnt að því að þar komi fram árganganámskrár leik- og grunnskóla, skipulag skólastarfsins og einstakra námsgreina (kennsluáætlanir). Árganganámskrár eru ekki fullgerðar fyrir veturinn 2013 - 2014 en eru í vinnslu.

(Árganganámskrá = bekkjarnámskrá ;)

Í október á næsta ári er gert ráð fyrir að allar árganganámskrár verði komnar inn á heimasíðu skólans.

Gunnþór greindi frá því að í starfsáætlun fræðslusviðs ár hvert megi kynna sér ýmis þau atriði er fram koma í skólanámskrá Árskógarskóla, en öllum skólum sveitafélagsins er gert að koma þar fram með ákveðnar upplýsingar s.s. hlutverk skólanna, verkefni á árinu ofl.

2. Rekstraráætlun

Árið 2013 fengust 75 milljónir króna til reksturs Árskógarskóla en fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 79 milljónum króna. Hækkunin á milli ára er til komin vegna hækkunar á innri leigu af húsnæði af eignasjóði og er það eini rekstrarkostnaðurinn sem hækkar á milli ára. Flestir aðrir þættir skólastarfsins lækka að einhverju leiti.

Af og til getur skapast „ágreiningur“ um hvað eignasjóði beri að sjá um varðandi viðhald og endurnýjun en reglan er sú að húsgögn og allir innanstokksmunir séu á ábyrgð skólans og því beri skólanum að sjá um viðhald þeirra þátta.

Beiðni liggur nú fyrir hjá eignarsjóði um skúr á útisvæði.

Á fundinum kom fram fyrirspurn að því hvort skólinn greiddi leigu af skemmumni (gömlu smíðastofunni) en sú leiga er sáralítill enda húsnæðið nánast ónothæft nema að einhverju leiti sem geymsla.

Fjárhagsáætlun skólans (lið fyrir lið) liggur hvergi frammi en hana má nálgast hafi fólk áhuga.

3. Úttekt á útileiksvæði

Heilbrigðiseftirlitið gerði úttekt á leiksvæðinu síðastliðinn vetur og fékst það samþykkt. Nú á haustdögum kom skoðunarmaður á vegum BSI (aðalskoðun leiksvæða ofl) og gerði greinagóða úttekt á svæðinu í heild sinni en staðlar þessara tveggja úttektaraðila eru ekki þeir sömu. Auk þess hefur útisvæði verið breytt þó nokkuð frá því heilbrigðiseftirlitið kom í heimsókn og skemmst er frá því að segja að svæðið fékk skoðun en nokkrar athugasemdir. Athugasemdir voru þó flestar minniháttar og er nú þegar byrjað að lagfæra hluta af þeim atriðum sem bent var á. Gunnþór kynnti niðurstöður úttektaraðila og sýndi okkur myndir af því sem betur má fara.

4. Önnur mál

- Rætt var um öryggismál skólans og nýafstaðna brunaeftingu sem gekk vel. Þá kom upp umræða um öryggismál í félagsheimilinu og þá staðreynd að í húsnæðinu er ekkert brunakerfi. Þetta kom fundarmönnum nokkuð á óvart og virðist sem fáir hafi vitað af því að svo væri. Gunnþór benti á að sumir sem málið snerta innan stjórnarsýslunnar hafi heldur ekki verið meðvitaðir um stöðuna en að málið sé í farvegi. Á fundinum var ákvörðun tekin um að skrifa bréf til bæjarins þar sem við gerum grein fyrir áhyggjum okkar og teljum að úrbóta sé þörf. Gunnþór tekur málið að sér og sendir okkur uppkast að bréfi til yfirlestrar á næstu dögum.
- Í tengslum við umræðu um félagsheimilið þá upplýsti Gunnþór fundinn um að Lára væri tekin við útleigu á húsnæðinu auk þess sem hún sæi um þrif á sundlaug. Umsjónamaður fasteigna er þó áfram húsvörður félagsheimilisins.
- Rætt var um að skólinn þyrfti að eiga sér slagorð og táknrænt merki. Allir voru sammála um að merki væri mikilvægt en gamli Árskógarskólinn átti merki sem Inga Rut útbjó fyrir margt löngu :) Ákveðið var að stofna til samkeppni um nýtt merki og verður keppnin kynnt í fréttabréfi skólans sem og á gæðastund. Öllum er frjálst að taka þátt í samkeppninni, nemendum, starfsfólki, mömmum, pöbbum, öfum og ömmum, frænkum og frændum
- Þá var rætt um að halda skólaping nú á haustdögum svipað því sem gert var síðastliðið vor. Þingin verða því tvö á þessu skólaári, eitt haustþing og vorþing þar sem áhersluatriði haustþings verða yfirfarin

Fleira ekki bókað

Fundi slitið kl.9:10

Fundarritari: Gerður Olofsson